



Aðalfundur

Haldinn 29. Apríl 2011

Ársskýrsla

Efnisyfirlit

Ársskýrsla Félags náms- og starfsráðgjafa.....	2
Dagskrá aðalfundar	2
Stjórn FNS.....	2
Stjórnarfundir	3
Meginviðfangsefni á fundum stjórnar FNS á liðnu starfsári voru:	3
1. Dagur náms- og starfsráðgjafa.....	4
2. Sí- og endurmenntun félagsmanna	4
3. Fræðslumál og verkefni fræðslunefndar	4
Frá Norðurlandi;	6
4. Greinargerðir fagráða:.....	6
Fagráð grunnskóla:	6
Fagráð framhaldsskóla:	7
Fagráð háskóla:.....	8
Fagráð atvinnulífsins:	9
5. Frá siðanefnd:.....	9
6. Kjara- og hagsmunamál	9
Frá kjara- og hagsmunanefnd grunnskóla:.....	9
Frá kjara- og hagsmunanefnd framhaldsskóla:	9
Vefsíða FNS:.....	10
Félagatal og félagsaðild FNS	10
Fjárreiður og félagsgjöld FNS.....	11
Styrkir til FNS	11
Norrænt samstarf.....	11
Umsagnir	12
Beiðnir Alþingis um umsagnir um frumvörp til laga.....	12
Önnur verkefni	12
Virkjun mannauðs á Reykjanesi.....	12
Ungt fólk til athafna- fyrir unga fólkið og framtíðina	12
Samstarf við Evrópumíðstöð náms- og starfsráðgjafa	13
SAENS	13
Lokaorð.....	14

Ársskýrsla Félags náms- og starfsráðgjafa

Lögð fram á aðalfundi 29. apríl 2011.

Dagskrá aðalfundar er skv. 8. grein laga Félags náms- og starfsráðgjafa eftirfarandi:

1. Skýrsla stjórnar.
2. Ársreikningar félagsins.
3. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga félagsins.
4. Nefndastörf.
5. Umræður og afgreiðsla mála.
6. Kosning stjórnar, varastjórnar og fræðslunefndar.
7. Kosning tveggja endurskoðenda og eins til vara.
8. Önnur mál.

Aðalfundur Félags náms- og starfsráðgjafa var haldinn í Mími símenntun, Skeifunni 8, 29. apríl 2010. Björg Kristjánsdóttir, Menntaskólanum v/Hamrahlíð, gaf kost á sér áfram til formennsku fyrir félagið. Varaformaður var kjörinn Marín Björk Jónasdóttir, Háskólanum á Bifröst. Svanhildur Svavarsdóttir, Lágafellsskóla, var kjörin gjaldkeri félagsins; Edda Jóhannesdóttir, IDUNI fræðslusetri, var áfram kjörin ritari. Fríður Reynisdóttir, Borgaskóla, gaf kost á sér áfram í stjórn og Guðrún S. Helgadóttir, Menntaskólanum í Kópavogi og Ólafur Haraldsson, Fjölbrautaskóla Vesturlands, Akranesi voru kosin í varastjórn.

Stjórn FNS var þannig skipuð s.l. starfsár:

Björg Kristjánsdóttir, Menntaskólinn v/Hamrahlíð, formaður
Marín Björk Jónasdóttir, Háskólinn á Bifröst, varaformaður

Edda Jóhannesdóttir, IDAN fræðslusetur, ritari
Svanhildur Svavarsdóttir, Lágafellsskóli, gjaldkeri
Fríður Reynisdóttir, Borgaskóli, meðstjórnandi

Guðrún S. Helgadóttir, Menntaskólinn í Kópavogi, varastjórn
Ólafur Haraldsson, Fjölbrautaskóli Vesturlands, Akranesi, varastjórn.

Erna Guðbjörg Árnadóttir, IDUNI fræðslusetri, Guðrún Erla Ingvadóttir, Fellaskóla og Sigrún García Thorarensen, Rimaskóla, gáfu áfram kost á sér í fræðslunefnd. Berglind S. Heiðarsdóttir, Austurbæjarskóla, og Bjarkey Gunnarsdóttir, Fjallaskóla, tóku einnig sæti í nefndinni.

Endurskoðandi var kosinn Jón Bergsson og til vara Björg Birgisdóttir, Listaháskóla Íslands og Guðmundur Páll Ásgeirsson, Tækniskóla Íslands. Úr stjórn gengu Arnar Þorsteinsson varaformaður, Ölduselsskóla, og Eydís Katla Guðmundsdóttir, gjaldkeri, Vallaskóla. Úr fræðslunefnd gengu Guðrún Björg Karlsdóttir, Laugalækjarskóla, og Anna Harðardóttir, Verkmenntaskólanum á Akureyri.

Eru þeim færðar hugheilar þakkir fyrir að taka að sér forystuhlutverk fyrir FNS og vinna ötult og óeigingjarnt starf í þágu félagsins og fagstéttarinnar.

Stjórnarfundir

Á fyrsta fundi nýkjörinnar stjórnar skipti hún með sér verkum á eftirfarandi hátt: Marín Björk Jónasdóttir, varaformaður, Fríður Reynisdóttir, meðstjórnandi, Svanhildur Svavarsdóttir, gjaldkeri og Edda Jóhannesdóttir, ritari. Guðrún S. Helgadóttir og Ólafur Haraldsson í varastjórn. Ólafur Haraldsson tók og að sér að halda utan um félagatal FNS í samstarfi við gjaldkera og að hafa umsjón með nýrri heimasíðu félagsins.

Stjórnin hélt 10 stjórnarfundum á liðnu starfsári auk þess sem meðlimir stjórnar og fræðslunefndar funduðu þess á milli um ýmis aðkallandi verkefni. Fræðslunefnd og varastjórn voru boðaðar á alla stjórnarfundum. Stjórn, varastjórn og fræðslunefnd notuðu rafræna miðla til að koma upplýsingum sín á milli.

Meginviðfangsefni á fundum stjórnar FNS á liðnu starfsári voru:

- Dagur náms- og starfsráðgjafar
- Fræðslumál og verkefni fræðslunefndar
- Kjara- og hagsmunamál
- Fagráð
- Heimasíða FNS
- Félagatal og félagsaðild FNS
- Fjárreiður og félagsgjöld FNS
- Styrkir til FNS
- Umsagnir um námsefni
- Beiðnir Alþingis um umsagnir um frumvörp til laga
- Önnur mál

Félagsmenn FNS hafa tekið þátt í ýmsum nefndum og starfshópum fyrir hönd félagsins. Það er ljóst að það skiptir afar miklu máli að FNS eigi fulltrúa í neðangreindum nefndum. Með því er hægt að tryggja að rödd fagstéttarinnar heyrst og að hagsmunum félagsmanna og ráðþega þeirra sé komið á framfæri. Eftirfarandi félagsmönnum eru færðar þakkir fyrir þeirra störf:

1. Anna G. Hugadóttir, FG, og Guðrún S. Helgadóttir, MK, í kjaranefnd FF.
2. Sigríður Bílddal, Holtaskóla, og Sigrún García Thorarensen, Rimaskóla, í kjaranefnd FG.
3. Ingunn Margrét Ágústsdóttir, HÍ, og Hildur Katrín Rafnsdóttir, HÍ, í kjaranefnd háskóla.
4. Guðrún Stella Gissurardóttir, Vinnumálastofnun Vestfjarða, og Eyrún Valsdóttir, ASÍ, í kjaranefnd atvinnulífsins.
5. Toby S. Herman, MR og Háskólanum á Bifröst, í sjúkrasjóði KÍ.
6. Helga Eysteinsdóttir, Hringsjá, Jónína Kárdal, Námsráðgjöf HÍ, og Þórdís Guðmundsdóttir, Vinnumálastofnun höfuðborgarsvæðisins, í siðanefnd.
7. Ásta Bára Jónsdóttir, Flataskóla, Svanhildur Svavarsdóttir, Lágafellsskóla, og Þórey Þórarinsdóttir, Hlíðaskóla, í fagráði grunnskóla.
8. Ólafur Haraldsson, FVA, Ingveldur Sveinbjörnsdóttir, Kvennaskólanum, og Þórdís Þórisdóttir, Menntaskólanum í Kópavogi, í fagráði framhaldsskóla.
9. Jónína Kárdal, HÍ, Lóa Hrönn Harðardóttir, HR, og Marín Björk Jónasdóttir, Háskólanum á Bifröst, í fagráði háskóla.
10. Karen Björnsdóttir, BSRB/VIRK, Erla María Gísladóttir, Mímir símenntun, og Lilja Þorkelsdóttir, Þjónustumiðstöð Laugardals/Háaleiti, í fagráði atvinnulífsins.
11. Þórdís Guðmundsdóttir, Vinnumálastofnun á höfuðborgarsvæðinu, fulltrúi FNS í starfshópi um Europass (stöðluð menntunar- og starfshæfnimappa).

12. Ólafur Haraldsson, FVA, fulltrúi FNS í starfshópi Euroguidance (Evrópumiðstöð náms- og starfsráðgjafar) og fulltrúi FNS í starfshópi um Europass (stöðluð menntunar- og starfshæfnismappa).
13. Sigríður Birna Bragadóttir, MH, í samstarfshópi um heilsueflingu og forvarnir í framhaldsskólum á vegum Lýðheilsustöðvar (HOFF).
14. Ólöf Helga Þór, FB, fulltrúi FNS í norrænum samtökum náms- og starfsráðgjafa.
15. Björg Kristjánsdóttir, MH og formaður FNS, í samstarfshópi um evrópskt net náms- og starfsráðgjafar (ELGPN) á vegum Mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

Meginviðfangsefni stjórnar FNS og það sem hæst bar á liðnu starfsári.

1. Dagur náms- og starfsráðgjafar

Dagur náms- og starfsráðgjafar var haldinn 20. október 2010 á Nauthól í Nauthólsvík. Við fengum til liðs við okkur tvo fyrirlesara. Jóhann Ingi Gunnarsson, sálfræðingur, flutti fyrirlesturinn „Hver er sinnar streitusmiður“ og Kári Eypórsson, ráðgjafi, fyrirlesturinn „Ósiðir og fíknir, vandræðaárátta og verkfæri til lausna“.

Stjórn FNS og fræðslunefnd unnu að undirbúningi þessa dags en markmiðið með Degi náms- og starfsráðgjafar er að náms- og starfsráðgjafar hvar á landinu sem þeir starfa geti komið og notið samvista við hver annan einn dag á ári auk þess að hlusta á fræðandi erindi. Annað markmið þessa dags er að vekja athygli landsmanna á þeirri þjónustu sem náms- og starfsráðgjafar veita.

2. Sí- og endurmenntun félagsmanna

Ýmis tækifæri hafa boðist Félagi náms- og starfsráðgjafa auk fræðslufunda til að auka sí- og endurmenntun félagsmanna. Eins og segir í lögum FNS er það eitt af meginhlutverkum félagsins að stuðla að endurmenntun félagsmanna. Það er mikilvægt fyrir hvern og einn félagsmann að vera vakandi fyrir sí- og endurmenntunarpörf sinni, miðla þekkingu og færni og stuðla þannig að eflingu fagvitundar og fagmennsku innan fagstéttarinnar.

3. Fræðslumál og verkefni fræðslunefndar

Fræðsludagskrá FNS 2010 – 2011

14. september: Uppskeruhátíð meistaránema í náms- og starfsráðgjöf

Hin árlega uppskeruhátíð meistaránema er samstarfsverkefni námsbrautar í náms- og starfsráðgjöf við félags- og mannvísindadeild HÍ og Félags náms- og starfsráðgjafa. Yfirskrift hátíðarinnar að þessu sinni var Framvinda á starfsferli – stuðningur og hindranir og var hún haldin í Námunni, sal Endurmenntunar Háskóla Íslands og einnig send út með fjarfundabúnaði. Á dagskrá voru tíu erindi sem fjölluðu um ráðgjöf við fólk á náms- og starfsferlinum, allt frá leikskólaaldri til fullorðinsára. Einnig var fjallað um ráðgjöf við fólk sem stóð frammi fyrir miklum hindrunum, til dæmis vegna atvinnumissis eða fangelsunar. Tilgangurinn með slíkri uppskeruhátíð er að gefa meistaránemum tækifæri til að kynna niðurstöður rannsókna sinna og lokaverkefni og um leið tilvalið fyrir starfandi náms- og starfsráðgjafa að fræðast um nýjustu rannsóknir í faginu. Mjög góð þátttaka náms- og starfsráðgjafa var á uppskeruhátíðinni.

6. október: Heimsókn í Myndlistaskólann í Reykjavík

Myndlistaskólinn í Reykjavík hélt kynningu á nýju námi í skólanum fyrir náms- og starfsráðgjafa. Um var að ræða bæði nám á framhalds- og háskólastigi. Deildarstjórar kynntu nám sinna deilda og verkstæði skólans var skoðað.

20. október: Dagur náms- og starfsráðgjafar

Venju samkvæmt var dagur náms- og starfsráðgjafar haldinn hátíðlegur 20. október með námsstefnu. Ákveðið var að hafa eingöngu íslenska fyrirlesara þetta árið. Björg Kristjánsdóttir, formaður Félags náms- og starfsráðgjafa, setti ráðstefnuna sem haldin var í salnum Sjónarhóli á veitingastaðnum Nauthóli í Reykjavík.

Eins og áður kom fram flutti Jóhann Ingi Gunnarsson sálfræðingur erindi sem hann nefndi „Hver er sinnar streitu smiður“. Erindið var áhugavert og kom inn á ýmsa þætti sem náms- og starfsráðgjafar þekkja svo vel bæði í starfi og daglegu lífi. Eftir hádegi flutti Kári Eypórsson ráðgjafi fyrirlesturinn „Ósiðir og fíknir, vandræðaárátta og verkfæri til lausna“ sem einnig var bæði gagnlegur og áhugaverður. Námsstefnan var einnig send út með fjarfundabúnaði.

Veitt var sérstök viðurkenning fyrir störf í þágu náms- og starfsráðgjafar en áður hafði verið óskað eftir skriflegum tilnefningum frá félagsmönnum. Jónína Kárdal, náms- og starfsráðgjafi hjá Náms- og starfsráðgjöf Háskóla Íslands, fékk viðurkenninguna en hún var m.a. formaður FNS á árunum 2004-2006 og var ásamt fleirum í fararbroddi varðandi löggildingu starfsheitis náms- og starfsráðgjafa. Jónína var einnig í undirbúningshópi við að móta siðareglur fyrir félagið og hefur verið í lykilhlutverki í þróun fjarnáms í náms- og starfsráðgjöf. Fjölmennt var á námsstefnunni og var almenn ánægja með fyrirlestra og staðsetninguna.

11. nóvember: Fræðslufundur um heildræna ráðgjöf

Anna Sigurðardóttir náms- og starfsráðgjafi sagði frá ráðstefnu sem hún sótti í Finnlandi þar sem fjallað var um heildræna ráðgjöf, síma- og netráðgjöf. Fundurinn var haldinn í húsnæði menntavísindasviðs HÍ við Stakkahlíð.

26. nóvember: Jólafundur

Jólafundur FNS var haldinn í kennsluhúsnæði Mímis-símenntunar við Öldugötu 23 í Reykjavík. Áttu félagsmenn notalega stund með upplestri, söng og spjalli og voru léttar veitingar í boði félagsins. Jónína Leósdóttir rithöfundur kom og las úr nýrri bók sinni Allt fínt ... en þú? og nokkrar ungar stúlkur sem kalla sig Las Desperadas sungu gullfalleg jólalög.

Febrúar: Samráðsfundir náms- og starfsráðgjafa í umsjón fagráða FNS

Fjórir aðskildir fundir voru haldnir, fyrir náms- og starfsráðgjafa í grunnskólum, framhaldsskólum, háskólum og atvinnulífi þar sem hagsmuna- og fagleg málefni voru til umræðu. Sjá greinagerðir frá fagráðum hér fyrir neðan.

10. mars: Fræðsluerindi frá siðanefnd FNS

Siðanefndin fór yfir siðareglur félagsins, rædd voru áhersluatriði og hverju mætti hugsanlega breyta við endurskoðun reglnanna. Fundurinn var á 3. hæð á Háskólatorgi Háskóla Íslands.

31. mars: Fræðsluerindi um nýjan íslenskan gagnabanka

Arnar Þorsteinsson, náms- og starfsráðgjafi, sagði frá vinnu sinni við nýjan gagnabanka tengdan eflingu náms- og starfsfræðslu, sérstaklega hugsaðan fyrir náms- og starfsráðgjafa í grunnskólum. Fundurinn var haldinn í Stapa við Hringbraut, húsnæði Háskóla Íslands.

13. apríl: Fyrirlestur um tölvufíkn

Þorsteinn Kristjánsson Jóhannsson grunnskólakennari hélt fyrirlestur um tölvufíkn. Þorsteinn hefur haldið upplýsinga- og forvarnarfyrirlestra um efnið í nokkur ár auk þess sem hann þekkir tölvufíkn af eigin raun.

Frá Norðurlandi;

Á starfsárinu fyrir norðan kynnti Sigríður Hulda Jónsdóttir stuðningskerfi fyrir einstaklinga í brotthvarfshættu sem byggir á bókinni *WATCH* - (What Alternatives? Thinking-Coping-Hoping) og var sá fyrirlestur vel sóttur. Í október hittust svo náms- og starfsráðgjafar, úr grunn- og framhaldsskólum, frá Símei og frá starfsendurhæfingu, í bókaverslun Eymundssonar á Akureyri þar sem hver og einn sagði frá því helsta í sínu starfi. Nokkrir nýttu sér beina útsendingu á degi náms- og starfsráðgjafar. Þetta fyrirkomulag mæltist vel fyrir og er ósk um að fundir FNS verði oftast sendir út í beinni útsendingu. Jólafundur var svo í menningarhúsinu Hofi í desember þar sem félagar áttu góða stund saman.

4. Greinargerðir fagráða:

Fagráð grunnskóla:

Fundur fagráðs grunnskóla var haldinn 10. febrúar 2011 í Hlíðaskóla og var ágæt mæting.

Aðalumræðuefni fundarins voru:

- Biðlaun vegna sameiningar skóla
- Nauðsyn þess að skrifa í dagblöð um náms- og starfsráðgjöf í grunnskólum
- Verksvið náms- og starfsráðgjafa í grunnskólum, munur milli skóla
- Áhyggjur af því á hverju niðurskurður muni bitna
- Námsráðgjafar og félagsráðgjafar í grunnskólum,
- Störf náms- og starfsráðgjafa í grunnskólum.
- Mælt með að halda tvo fundi á vetri.

Fundurinn samþykkti eftirfarandi ályktun vegna væntanlegs niðurskurðar í grunnskólum Reykjavíkur og var hún send til fjölmiðla og fleiri aðila:

Yfirlýsing frá náms- og starfsráðgjöfum í grunnskólum

Varðandi: Hugmyndir um að skerða þjónustu náms- og starfsráðgjafa.

Náms- og starfsráðgjafar vilja vekja athygli borgaryfirvalda á mikilvægi starfs þeirra í grunnskólum borgarinnar. Menntamálayfirvöld hafa ítrekað í ræðu og riti lagt áherslu á nauðsyn þess að hlúa vel að börnum og unglingum í borginni, sérstaklega nú á þeim tímum þegar vitað er að fjölmargar fjölskyldur í borginni glíma við fjárhagslega erfiðleika, atvinnuleysi og óöryggi. En þegar kemur að því að hagræða í skólakerfinu er eitt af því sem yfirvöld hafa nefnt sem leið til sparnaðar að skerða þá þjónustu sem náms- og starfsráðgjafar sinna í grunnskólum borgarinnar. Með réttu hefðu yfirvöld átt að efla þjónustu náms- og starfsráðgjafa og sýna með því raunverulegan skilning á mikilvægi starfs náms- og starfsráðgjafa fyrir börn, foreldra og samstarfsaðila innan og utan skólanna. Allt frá hrúni hafa yfirvöld ítrekað talað um mikilvægi þess að sérstaklega verði að fylgjast með líðan barna og bregðast við samanber starfshópin Börninn í borginni og Velferðarvaktina sem er vettvangur á vegum ríkisins. Því er það alls óskiljanlegt að nú þegar þrengir að fjölskyldum og börnum sem aldrei fyrr sé það raunverulega uppi á borði í Ráðhúsinu að leggja til niðurskurð á viðveru og starfi náms- og starfsráðgjafa í grunnskólum Reykjavíkur. Það gengur í raun í berhögg við áherslur ríkis og sveitarfélaga á liðnum árum. Í lögum um grunnskóla frá 2008 og í almennum hluta aðalnámskrár er sérstaklega tekið fram að grunnskólabörn eigi rétt á ráðgjöf. Í Starfsáætlun menntaráðs 2010 er lögð m.a. sérstök áhersla á að fylgjast vel með líðan nemenda og auka beri sveigjanleika við lok grunnskóla. Í nýlegum lögum er kveðið á um sérstaka tilfærsluáætlun sem felur í sér eftirfylgd og samstarf grunnskóla og framhaldsskóla þegar nemendur með sérþarfir flytjast á milli skólastiga. Í ljósi frekari niðurskurðar í framhaldsskólum hafa stjórnendur framhaldsskólanna lýst yfir sérstökum áhyggjum af þeim hópi nemenda sem stendur hvað höllustum fæti. Því er nú nauðsynlegt að auka enn frekar á samstarf náms- og starfsráðgjafa grunn- og framhaldsskóla, fylgja nemendum enn betur eftir upp í framhaldsskólann og draga þar með úr hættunni á brottfalli. Fyrir utan öll hefðbundin dagleg störf náms- og starfsráðgjafa er ljóst af ofansögðu að störf náms- og starfsráðgjafa í grunnskólum taka mið af nýjum lögum, reglugerðum, opinberri stefnumótun í menntamálum og því ástandi sem ríkir á hverjum tíma í einstöku skólasamfélagi og landinu öllu. Ef yfirvöld vilja nú á tímum mikilla breytinga í grunnskólum standa í raun vörð um nám og líðan barna ættu þau að efla náms- og starfsráðgjöf en alls ekki leggja til að dregið sé úr henni.

Fagráð framhaldsskóla:

Fagráð náms- og starfsráðgjafa í framhaldsskólum hélt fund með framhaldsskólaráðgjöfum 2. febrúar 2011. Fundurinn var haldinn í Menntaskólanum í Kópavogi. Fundarefnið var innleiðing nýrra laga um framhaldsskóla og breytt hlutverk náms- og starfsráðgjafa í framhaldsskólum. Gestur fundarins var Björg Pétursdóttir starfsmaður í Mennta- og menningarmálaráðuneytinu.

Björg gerði grein fyrir stöðu mála og upplýsti fundarmenn um hugmyndir að fyrirkomulagi framhaldsskólanáms. Fundarmönnum gafst tækifæri til að spyrja Björgu út í efnið og greinilegt að mikil þörf er fyrir að upplýsingaflæði milli ráðuneytis og náms- og starfsráðgjafa sé sem best. Fram kom að helsta áhyggjuefnið væri að mikið frelsi til námsbrautagerðar hvers og eins skóla geti skapað vanda við að færa nemendur milli skóla þar sem námið verður byggt upp með ólíkum hætti. Einnig ræddu fundarmenn um vandann sem skapast þegar leiðbeina á nemendum og greina mun milli skóla. Yfirsýn verður þá erfiðleikum bundin.

Guðrún S. Helgadóttir og Anna G. Hugadóttir gerðu grein fyrir stöðunni í starfsþjálfunarmálum. Góðar umræður sköpuðust og nýttu fundarmenn tækifærið til að spyrja fulltrúa sína í launanefnd um stöðu mála.

Fagráð háskóla:

Fundur fagráðs FNS á háskólastigi var haldinn hjá Náms- og starfsráðgjöf Háskóla Íslands, Háskólatorgi 14. febrúar 2011. Á dagskrá voru eftirtalin atriði:

1. Hvað hefur gerst síðan síðast?
 2. Greinaskrif
 3. Aðstæður nemenda
 4. Handleiðsla
 5. Starfsþjálfun
 6. Annað
-
1. Fundargestir voru beðnir um að segja frá helstu breytingum/nýjungum í starfi síðan að hópurinn hittist síðast (fyrir um ári síðan í HR). Hjá öllum hópnum hafa orðið breytingar á starfshlutföllum og/eða fækkun starfsfólks. Allir finna fyrir meira álagi í starfi og að nemendamál eru erfiðari viðfangs en áður. Meira umfang og starf fylgir hverjum og einum nemanda. Náms- og starfsráðgjafar HR sögðu frá kynningar- og fyrirlestrátíma í hádeginu á miðvikudögum sem sérstaklega væri ætlaður 1. árs nemendum. Með því móti hafi náðst árangur í að ná til þeirra. Sólveig frá HA kom í heimsókn til HÍ í vikunni áður og sagði annars vegar frá fyrirkomulagi á námstækninámskeiðum í gegnum netið og hins vegar vinnusmiðjum.
 2. Rætt var um möguleika á því að skrifa greinar er snerta náms- og starfsráðgjöf á háskólastigi og aðstæður nemenda sbr. lið 3. Margir nemendur þurfa að hætta námi vegna fjárhagsástæðna og náms- og starfsráðgjafar merkja ákveðnar glufur í því kerfi sem á að aðstoða t. d. atvinnulausa við að stunda nám. Sú hugmynd kviknaði að halda fund með Hrafnhildi Tómasdóttur hjá Vinnumálastofnun, fá að fræðast um starfsemina þar með atvinnuleitendum og nýta reynslu þeirra í þessum efnum.
 3. Þessi liður rann saman við lið 2.
 4. Í ljósi þess álags sem hefur verið í starfi náms- og starfsráðgjafa með auknum fjölda nemenda og vegna samfélagsástandsins er nauðsynlegt að leita sér handleiðslu. Einnig er nauðsynlegt að sækja handleiðslu til að gæta að starfsþróun og koma í veg fyrir kulnun í starfi. Rætt um hvort og hvernig fólk hefði nýtt sér hana. Náms- og starfsráðgjafar HR fá einn tíma á mánuði greiddan til að sækja handleiðslu. Ekki er um slíkt að ræða hjá hinum skólunum. BHM hefur veitt styrk að upphæð kr. 30.000.
 5. Starfsþjálfun – rætt var um stöðu starfsþjálfunar í ljósi fjölgunar tíma í nýju námsskipulagi í MA-námi í náms- og starfsráðgjöf. Rætt var um greiðslur fyrir starfsþjálfun í ljósi nýrrar stöðu. Rætt var um stofnanasamninga og nauðsyn þess að náms- og starfsráðgjafi stofnunar sé með í samningagerðinni. Einnig var rætt um leiðir til lausna í ljósi lítills fjármagns námsbrautarinnar og á hvern hátt hægt væri að styðja við bakið á henni og virka sem þrýstiafl. Allir voru sammála um nauðsyn þess að fjölga tímum í starfsþjálfun en ræða/semja þurfi um auknar greiðslur.
 6. Önnur mál – Jónína Kárdal frá NSHÍ sagði frá tveimur verkefnum/viðburðum sem að NSHÍ hefur umsjón með, annars vegar yfirfærsluverkefni á vegum Leonardo da Vinci – DARE 2 sem hefur það að markmið að auka vitund akademískra starfsmanna um fötlun, og hins vegar norræn ráðstefna starfsráðgjafa á háskólastigi sem verður haldin í Reykjavík 25. og 26. maí næstkomandi. John Krumboltz kennismiður í náms- og starfsráðgjöf verður meðal ræðumanna. Það er alltaf gaman að hittast og ástæða til að huga að tíðari fundum á næsta starfsári.

Fagráð atvinnulífsins:

Fundur fagráðs náms- og starfsráðgjafa í atvinnulífinu var haldinn miðvikudaginn 23. febrúar 2011 í húsnæði Mímis á Öldugötu 23.

Auglýst dagskrá var eftirfarandi:

1. Elín Ebba Ásmundsdóttir iðjuþjálfari og forstöðumaður hjá Hlutverkasetri. Fyrirlestur og umræður um mikilvægi virkni fyrir atvinnulausa og fólk sem dettur út af vinnumarkaði vegna veikinda.
2. Kynning á verkefninu ÞOR frá Vinnumálastofnun og umræður. – Magnea Ingólfssdóttir. Elín Ebba leyfði fundargestum að tjá væntingar sínar til fyrirlestursins áður en hún hélt sína framsögu. Síðan fléttaði hún saman væntingum fundargesta við eigin reynslu. Það var mjög gagnlegt, en Elín Ebba hefur gríðarlega reynslu af því að vinna með þessum hópi notenda. Aðalboðskapur hennar var að við þyrftum að sýna hugrekki í að vinna gegn kerfinu í þágu þessa hóps, það væri tilhneiging hjá fagfólki að verða þrælur „kerfisins“. Magnea Ingólfssdóttir kynnti ÞOR sem er átaksverkefni Vinnumálastofnunar til að virkja atvinnulausa, 30 ára og eldri.

5. Frá siðanefnd:

Samkvæmt 12. grein laga Félags náms- og starfsráðgjafa skal siðanefnd jafnan starfrækt í félaginu. Hlutverk hennar er að stýra umræðu um siðareglur og siðferðileg álitamál innan náms- og starfsráðgjafar. Nefndin skal skipuð fjórum fulltrúum, þar af einum úr stjórn félagsins.

Á þessu starfsári 2010-2011 eru fimm ár liðin frá því að félagið setti sér siðareglur. Í siðareglum FNS kemur eftirfarandi fram:

„Siðareglum Félags náms- og starfsráðgjafa er ætlað að efla fagvitund náms- og starfsráðgjafa og stuðla að fagmennsku í starfi með hagsmuni ráðþega í fyrirrúmi. Tilgangur þeirra er jafnframt að vera náms- og starfsráðgjöfum siðferðilegt leiðarljós í starfi, upplýsa almenning um hugsjónir og faglegar skyldur náms- og starfsráðgjafa, og vera mælikvarði á vönduð vinnubrögð innan fagstéttarinnar.“

Það getur verið framtíðarverkefni fyrir siðanefnd að yfirfara reglurnar og bæta eða breyta þeim með tilliti til nýjunga í starfi og álitaefna sem geta komið upp eins og t.d. í rafrænni ráðgjöf.

6. Kjara- og hagsmunamál

Frá kjara- og hagsmunanefnd grunnskóla:

Lítið hefur verið að gerast í kjaramálum skólaárið 2010-2011. Talsvert var um fyrirspurnir s.l. haust varðandi hagsmunamál. Margir höfðu samband vegna þess að verið var að minnka stöðugildi og/eða breyta verkefnum vegna sparnaðarráðstafana sveitarfélaganna.

Frá kjara- og hagsmunanefnd framhaldsskóla:

Lítið hefur gerst í launamálum undanfarið og stafar það aðallega af bankahruni í landinu. Launabarátta hefur helst falist í því að spyrna við fótum og verja þau kjör sem félagsmenn hafa og því

verið samið um ekki neitt til að sporna gegn launalækkun. Ekki hefur gengið betur en svo að laun félagsmanna hafa skerst verulega frá hrúni. Félagar í KÍ hafa dregist mikið aftur úr almennri launaþróun og er það miður. Þetta á bæði við um dagvinnulaun og heildarlaun. Samningar eru lausir og viðræðunefnd starfar á vegum FF en illa gengur að fá menn að samningaborði. Kröfur félagsmanna eru ljósar og eru settar fram á heimasíðu félagsins. Þar sem helst er að vænta árangurs er á sviði nemamála en eins og kunnugt er hafa náms- og starfsráðgjafar fengið lítilla greitt fyrir að taka nema í læri. Upphaflega þegar starfsþjálfun var komið á var greitt fyrir um 50 tíma í 100 tíma starfsþjálfun. Upphæðin hefur staðið í stað allar götur síðan svo launin hafa rýrnað verulega og ná ekki að greiða nema lítinn hluta þjálfunarinnar. Náms- og starfsráðgjafar hafa látið gott heita og talið sig vera að styrkja námsbraut náms- og starfsráðgjafa. Með breyttum reglum er ekki lengur hægt að una við svo lágar greiðslur. Starfsþjálfun á að aukast verulega en greiðsla að vera óbreytt og ganga til skóla en ekki ráðgjafa. Flestir ráðgjafar í framhaldsskólum hafa haldið að sér höndum og hafa ekki tekið nemapör til kynningar á starfsvettvangi náms- og starfsráðgjafa í vetur og bíða niðurstöðu viðræðna FF og HÍ en FF aðstoðar okkur við vinnslu þessa máls.

Vefsíða FNS:

Á aðalfundi FNS fyrir ári síðan var ný vefsíða opnuð. Það var þá von stjórnar að nýja síðan yrði öflugri og betri miðill þar sem náms- og starfsráðgjafar gætu skipst á skoðunum og kynnt þá fjölbreyttu starfsemi sem á sér stað innan stéttarinnar. Í vetur var síðan póstlistinn fns@ismennt.is lagður niður. Í staðinn er núna sent út eftir þörfum [FNS tilkynningar] frá netfanginu fns@fns.is, sem er stýrður póstlisti. Félagsmenn sem skráðir eru á vefsvæði félagsins fá póst á það netfang sem þeir gáfu upp þar.

Ástæður þess að póstlistinn var lagður niður voru tvær. Með því að hafa opinn póstlista sem rúmlega 300 félagsmenn geti sett óheft inn á og síðan tugir annarra svarað viðkomandi pósti, voru félagsmenn að fá of mikið af því góða. Stjórn FNS hafði vonast til að „Spjallþræðir“ vefsvæðisins myndu virka sem vettvangur fyrir þessi tjáskipti, en það hefur ekki enn orðið raunin. Þar til verða [FNS Tilkynningar] að duga. Hin ástæðan var að nýja vefsvæðið okkar gefur félagsmönnum tækifæri að halda sjálfir utan um breytt netföng og aðrar upplýsingar um sig. Einnig hvort þeir vilja fá tilkynningar og fréttabréf send.

Arnar Þorsteinsson náms- og starfsráðgjafi vinnur um þessar mundir að gagnabanka fyrir félagsmenn sem starfa í grunnskóla. Hann kallar gagnabankann „Nám og vinna“, www.namogvinna.is. Megináhersla verður lögð á efni sem tengist náms- og starfsfræðslu. Þó verða þar margs konar upplýsingar um nám, vinnu og ráðgjöf auk þess sem reynt verður að safna verkfærum náms- og starfsráðgjafa í grunnskólum saman á einn stað. Þegar Arnar hefur lokið þessu verkefni, vonandi síðar á þessu ári, þá munu þeir félagsmenn sem vinna í grunnskólum komast inn á þennan gagnagrunn með því að skrá sig inn á lokaða vefsvæðið www.fns.is og þaðan inn á lokað svæði á www.namogvinna.is. Má því segja að þetta verði viðbót við vefsvæði félagsins.

Félagatal og félagsaðild FNS

Ólafur Haraldsson vefstjóri vefsvæðis FNS hefur haft umsjón með félagatali félagsins. Skráðir félagar eru nú 312. Þetta er sá fjöldi sem eftir stendur þegar þeir 28 sem hafa ekki greitt félagsgjöld síðasta árs eru teknir af félagaskrá. Viðkomandi aðilar munu fá tilkynningu þar að lútandi áður en þeir verða formlega teknir af félagaskrá. Taflan hér fyrir neðan sýnir tölfræði tekna úr þessari leiðrétta félagaskrá. Þar kemur fram fjöldi þeirra sem vinnur á mismunandi starfsvettvangi og menntun þeirra:

	fjöldi		Diplóma HÍ		MA HÍ		Nám erlendis		annað nám	
Grunnskóli	105	33,7%	73	69,5%	9	8,6%	4	3,8%	19	18,1%
Framhaldsskóli	72	23,1%	52	72,2%	9	12,5%	5	6,9%	6	8,3%
Háskóli	18	5,8%	12	66,7%	2	11,1%	2	11,1%	2	11,1%
Atvinnulíf	46	14,7%	37	80,4%	5	10,9%	2	4,3%	2	4,3%
Annað	47	15,1%	25	53,2%	7	14,9%	7	14,9%	8	17,0%
Nemendur	24	7,7%	14	58,3%					10	41,7%
Alls	312	100%	213	68,3%	32	10,3%	20	6,4%	47	15,1%

Tæplega 85% skráðra félaga er með náms- og starfsráðgjafamenntun eða sambærilegt nám. Það eru einvörðungu 12% sem hafa aðra menntun, ef þeir nemar sem ekki hafa lokið námi eru frátaldir. Upplýsingar í félagaskrá eru þó ekki í öllum tilfellum rétt skráðar.

Mikil breyting varð á skránni á starfsárinu, þegar um 260 félagar skráðu sig á vefsvæði félagsins og mun þeir í framtíðinni halda sjálfir utan um að upplýsingar um þá sé réttar. Þó hafa rúmlega 50 félagar sem eru í skilum með félagsgjöld ekki enn skráð sig á vefsvæðið og fá því ekki lengur tilkynningar í tölvupósti. Einnig hafa 10 af þeim 50 ekki gefið upp virkt netfang. Komið hefur fyrir að umsókn um félagsaðild hafi ekki verið samþykkt, þar sem að til þess að fá leyfisbréf verður viðkomandi að hafa til þess menntun eða hafa verið starfandi sem náms- og starfsráðgjafi daginn sem lögin tóku gildi.

Fjárreiður og félagsgjöld FNS

Ársreikningur Félags náms- og starfsráðgjafa fyrir árið 2010 er byggður á bókhaldi félagsins. Sjá sérřit um ársreikning félagsins.

Styrkir til FNS

Sjá sérřit um ársreikninga félagsins.

Norrænt samstarf

Norræn samtök náms- og starfsráðgjafa

Aðalfundur NFSY, norræns félags náms- og starfsráðgjafa, var haldinn 26. september 2010 í Keflavík. Fulltrúar Noregs, Svíþjóðar, Íslands, Danmerkur og Finnlands sátu fundinn ásamt aukafulltrúum frá Færeyjum og Grænlandi. Á fundinum var farið yfir skýrslu stjórnar og skýrslur frá hverju aðildarlandi fyrir sig en reikningar félagsins höfðu verið lagðir fram og samþykktir á netfundi 11.-13. febrúar 2010. Náms- og starfsráðgjafar á Grænlandi voru formlega teknir inn í norrænu samtökin. Aðalfundurinn var haldinn á Íslandi vegna þess að fulltrúar frá öllum Norðurlöndunum (NFSY, NVL og norrænu rannsóknateymi) héldu málþing á þessum sama tíma. Fundurinn fjallaði um náms- og starfsráðgjöf í dreifbýli. Hann var vel sóttur og stóðu fulltrúar Íslands sig vel í að kynna starfsemi sína.

Umsagnir

Mennta- og menningarmálaráðuneytið fór þess á leit við FNS að meta umsókn um styrki til námsefnisgerðar úr þróunarsjóði námsgagna.

Beiðnir Alþingis um umsagnir um frumvörp til laga

Á þessu starfsári hefur Alþingi beiðið Félag náms- og starfsráðgjafa að senda umsagnir um frumvörp til laga. Stjórn FNS hefur sent frá sér umsagnir til menntamálanefndar Alþingis um eftirtalin frumvörp:

- Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á barnaverndarlögum nr. 80/2002, með síðari breytingum.
- Umsögn um tillögu til þingsályktunar í jafnréttismálum til fjögurra ára.
- Umsögn um frumvarp til laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðra með síðari breytingum.

Allar umsagnir um málin birtast á vef Alþingis undir fyrirsögninni Innsend erindi á síðu viðkomandi þingmáls þegar nefndin hefur lokið umfjöllun um málið.

Önnur verkefni

Félag náms- og starfsráðgjafa hefur tekið þátt í ýmsum verkefnum, málþingum og fundum sem hafa stuðlað að frekari kynningu á náms- og starfsráðgjöf og félaginu í þjóðfélaginu ásamt því að vekja athygli á málefnum náms- og starfsráðgjafa. Meðal annars hafa náms- og starfsráðgjafar tekið þátt í morgunverðarfundum á vegum NÁUM ÁTTUM og í febrúar hélt Sigrún Ágústsdóttir náms- og starfsráðgjafi í Réttarholtsskóla erindi um áhrif niðurskurðar og kreppu á líðan nemenda í skólum.

Virkjun mannauðs á Reykjanesi

Virkjun mannauðs á Reykjanesi hóf starfsemi sína 15. janúar 2009 á Keflavíkurflugvelli. Hugmynd verkefnisins er að byggja upp starfsemi fyrir íbúa á Reykjanesi sem vilja leita nýrra tækifæra í atvinnu eða námi. Þá er Virkjun ekki síður staður þar sem einstaklingar geta komið saman, hitt nýtt fólk og kynnst því starfi sem er í gangi hverju sinni. Almennungi er boðið að koma og nýta sér þá fjölbreyttu þjónustu sem þar er í boði. Markmiðið er að þar finni flestir eitthvað við sitt hæfi, hvort sem um er að ræða ráðgjöf eða aðstoð við stofnun sprotafyrirtækja. Jafnframt er aðstaða fyrir námstengd verkefni, fyrirlestra, námskeið, kynningar og tólmstundaverkefni. Náms- og starfsráðgjafar Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum eru með námskeið í Virkjun í hverri viku sem heitir Árangursrík starfsleit og er ætluð atvinnuleitendum.

Ungt fólk til athafna- fyrir unga fólkið og framtíðina

Átakið Ungt fólk til athafna (UFTA) sem var nýlega ýtt úr vör af Velferðarráðuneytinu hefur það að markmiði að aldrei skuli líða meira en þrjú mánuðir frá því að einstaklingur á aldrinum 18-25 ára verði atvinnulaus þar til honum er boðið starf, námstækifæri, starfsþjálfun eða þátttaka í öðrum verðugum verkefnum. Í ágúst síðastliðnum hleypti Vinnuálastofnun af stað sérstöku átaki gegn afleiðingum langtímaatvinnuleysis undir yfirskriftinni ÞOR-þekking og reynsla. Markmiðið með áttakinu er að virkja þann hóp einstaklinga sem hafa verið atvinnulausir í tólf mánuði eða lengur til þátttöku í fjölbreytilegum vinnuþáttum.

Reynsla og skipulag UFTA verður nýtt í ÞOR verkefninu. Árangurinn af UFTA -verkefninu er sá að búið er að virkja 90% af hópi atvinnuleitenda á aldrinum 16-25 ára sem voru rúmlega 3.000 þegar átakið var sett á stað í febrúar 2010. UFTA-verkefnið hefur nú bætt við sig hópnum á aldrinum 25-29

ára en ÞOR-verkefnið mun sinna hópnum 29-70 ára. Það er Hrafnhildur Tómasdóttir náms- og starfsráðgjafi sem hefur yfirumsjón með þessum verkefnum af hálfu Vinnumálastofnunar.

Samstarf við Evrópumíðstöð náms- og starfsráðgjafar

Gott samstarf hefur verið á milli FNS og verkefnisstjóra Evrópumíðstöðvar náms- og starfsráðgjafa, Dóru Stefánsdóttur. Evrópumíðstöð náms- og starfsráðgjafar er upplýsingamiðlun og samstarfsvettvangur sem Evrópusambandið styrkir með það fyrir augum að miðla evrópskri vidd og undirstrika mikilvægi náms- og starfsráðgjafar, starfsþjálfunar og símenntunar í upplýsingasamfélagi nútímans. Ólafur Haraldsson hefur verið fulltrúi stjórnar í Evrópumíðstöðinni.

SAENS

Frá Guðrúnu Birnu Kjartansdóttur verkefnastjóra:

Starfsemi Sérfræðiseturs í ævilangri náms- og starfsráðgjöf árið 2010-2011

Helstu verkefni Sérfræðiseturs í ævilangri náms- og starfsráðgjöf á árinu 2010 voru þátttaka í evrópsku samstarfsverkefni um stefnu í náms- og starfsráðgjöf og leiðandi hlutverk í norrænni matsrannsókn. Einnig fór fram vinna við þróun á mælitæki á aðlögunarhæfni. Nánari lýsingar á verkefnum eru hér að neðan. Á heimasíðu SAENS (www.saens.hi.is) er einnig að finna frekari upplýsingar um verkefni.

Evrópskt samstarfsnet um stefnu í ævilangri náms- og starfsráðgjöf (ELGPN)

Sérfræðisetur í ævilangri náms- og starfsráðgjöf starfar með Mennta- og menningarmálaráðuneytinu við framkvæmd verkefna sem tengjast ELGPN. Árið 2010 leiddi Ísland vinnupakka 2 um aðgengi ásamt Frökkum. Sérfræðisetur vinnur með ELGPN-tengilið ráðuneytisins (Ernu Árnadóttur) við framkvæmd verkefna sem tengjast ELGPN. Hlutverk Íslands í ELGPN-samstarfinu er að leiða vinnupakkann um aðgengi. Dæmi um verkefni eru t. d. undirbúningur fyrir aðalfundi (tvisvar á ári), vettvangsheimsóknir (einu sinni á ári), gagnasöfnun frá samstarfslöndum (til dæmis um afmörkuð mál eins og notkun upplýsinga- og samskiptatækni í ráðgjöf) og skipulagningu á ELGPN-samstarfinu.

Starfið innanlands felst t.d. í kynningu á ELGPN fyrir stefnumótendum og ýmsum hagsmunaaðilum, gagnasöfnun, umsjón með fundum ráðgjafarnefndar, skýrslugerð, fjárumsýslu og samskiptum við Mennta- og menningarmálaráðuneytið. Í mars var haldinn fundur í Mennta- og menningarmálaráðuneytinu fyrir stefnumótendum þar sem tveir sérfræðingar (Raimo Vuorinan og Aled Williams) á vegum ELGPN héldu erindi. Raimo er framkvæmdastjóri ELGPN og Aled er einn umsjónaraðila Next Step sem er nýlegt upplýsinga- og ráðgjafarkerfi fyrir fullorðna í Bretlandi. Þeir ræddu um uppbyggingu upplýsinga- og ráðgjafarkerfis og deildu reynslu sinni og kostum við að nota upplýsinga- og samskiptatækni í náms- og starfsráðgjöf. Fundurinn var haldinn hér á landi í tengslum við samráðsfund ELGPN í vinnupakka 2 um aðgengi sem fór fram dagana á eftir (30.-31. mars).

Aðrir fundir og kynningar á árinu voru t. d.

- Fundir í ráðgjafarnefnd.
- Fundir og samskipti við fulltrúa í Mennta- og menningarmálaráðuneyti.
- Fundir með ráðherrum (mennta- og menningarmálaráðherra og velferðarráðherra).
- Kynningar fyrir nemendur í náms- og starfsráðgjöf.
- Kynning vegna heimsóknar Akademíu.
- Samráðsfundir með FRÆ vegna uppbyggingar á upplýsingakerfi í náms- og starfsráðgjöf.
- Útgáfa Fréttabréfs.

- Kynningar á vef SAENS og á póstlista Félags náms- og starfsráðgjafa.

Norræn rannsókn um raddir fullorðinna notenda náms- og starfsráðgjafar

Á árinu 2010 stýrði SAENS norrænni matsrannsókn hjá fræðslustofnunum fyrir fullorðna. Rannsóknin var unnin í samstarfi við teymi sérfræðinga á Norðurlöndunum og var tvíþætt. Annars vegar voru tekin rýnihópaviðtöl (við ráðþega, náms- og starfsráðgjafa og stefnumótendur) og hins vegar var lögð fyrir spurningakönnun á netinu. Reynt var að ná til fullorðinna ráðþega sem höfðu nýtt sér náms- og starfsráðgjöf á síðastliðnum tveimur árum. Niðurstöður sýna að ráðþegar á Íslandi eru ánægðir með þjónustuna sem þeir fá. Í niðurstöðum rýnihópaviðtala og vefkönnunarinnar kom fram að ráðþegar telja sig ekki fá tækifæri til að meta þjónustuna en þeir telja þó mikilvægt að notendur þjónustunnar hafi tækifæri til að hafa áhrif á þróun í náms- og starfsráðgjöf á Íslandi. Helstu niðurstöður verða kynntar með ýmsu móti á árinu 2011 og þá verður einnig gerð grein fyrir niðurstöðum á hinum Norðurlöndunum.

Þróun á mælitæki á aðlögunarhæfni á náms- og starfsferli

Vinna við að þróa mælitæki á aðlögunarhæfni á náms- og starfsferli er eitt af langtímaverkefnum SAENS. Mælitækið byggir á hugsmíðahyggju dr. Mark Savickas og er mælitækið nú í þróun samtímis í nokkrum löndum. Á árinu var áhersla lögð á að þróa séríslenska kvarða fyrir mælitækið þar sem tekið var tillit til menningarmunar. Sigríður Bríet Smáradóttir, cand. psych.-nemi, gerði próffræðilega úttekt á mælitækinu og skoðaði sérstaklega kvarða sem unnir voru með íslenskar aðstæður í huga. Niðurstöður benda til að réttmæti og áreiðanleiki sé hár á undirkvörðunum og þar með á séríslensku kvörðunum. Unnið verður áfram með niðurstöður og stefnt er að því að leggja lokaútgáfu fyrir stórt úrtak á landsvísu núna í vor.

Lokaorð

Frá 2008 hefur verið á Íslandi efnahagskreppa sem hefur haft gífurleg áhrif á íslenskt þjóðfélag. Atvinnulífið er í molum, atvinnuleysi aldrei verið meira, fólksflótti mikill og bæði heilbrigðis- og menntakerfið svelt. Laun hafa staðið í stað frá 2008 og það hillir lítið undir jákvæðar breytingar. Við sem störfum í framhaldsskólakerfinu verðum vör við fjárhagserfiðleika nemenda vegna þess að erfiðara er fyrir þá að fá vinnu með skóla, en allmargir nemendur þurfa að vinna með skólanum. Þessir óvissu- og erfiðleikatímar auka mjög á annríki náms- og starfsráðgjafa. Um leið er ótrúlegt hvað þessi stétt getur áorkað miklu.

Mig langar að segja ykkur frá fundi sem ég sótti hjá Starfsmennt fræðslusetri í mars síðastliðnum. Þessi fundur var um jafngildi náms og gegnsætt menntakerfi sem tryggir mat á námi fullorðinna, hvar sem það er stundað. Fjallað var um þróun, stöðu og framtíðarsýn heildstæðs menntakerfis sem metur til jafns námsþátttöku innan framhaldsskóla, í fullorðinsfræðslu eða á vinnustöðum, að uppfylltum gæðakröfum. Þessi fundur var afar áhugaverður og ekki síst stuttar kynningar náms- og starfsráðgjafa í fullorðinsfræðslu. Þar fékkst sýn á fjölbreytta þjónustu sem náms- og starfsráðgjafar veita um allt land. Ég fylltist stolti yfir því að vera í fagfélagi með þessum atorkusömu náms- og starfsráðgjöfum.

Breyting námsins í tveggja ára meistaranám tók gildi á haustönn 2010. Ég held að við séum öll sammála um að þetta sé metnaðarfull breyting og námsbrautinni til sóma. En við þessa breytingu eykst starfsþjálfun úr 100 í 265 klukkustundir. Er það mikið framfaraskref en einnig stórukin vinna fyrir náms- og starfsráðgjafa. FNS átti fulltrúa í nefnd sem vann að þessu nýja skipulagi og eins og kom fram í nýlegu bréfi til félagsmanna frá stjórn FNS var það alveg ljóst frá upphafi að ekki væri ætlast til svo mikillar viðbótarvinnu án viðbótargreiðslu. Þjálfun nema í náms- og starfsráðgjöf getur verið mjög áhugaverð en krefst mikillar skipulagningar ásamt aukinni vinnu og á ekki að vera sjálfboðastarf. Það er ósk stjórnar FNS að viðeigandi lausn varðandi starfsþjálfunina finnist sem allra fyrst.

Ég mun gegna starfi formanns eitt ár í viðbót og vil þakka frábærum meðstjórnendum mínum fyrir gott samstarf og fræðslunefndinni fyrir óeigingjarna vinnu við að skipuleggja og sjá um fræðslufundi fyrir félagsmenn FNS .

Reykjavík, 29.apríl 2011,

Björg Kristjánsdóttir, formaður
